



Reykjavík, 28. maí 2024

**Ísafjarðarbær**

Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður

**Varðar: Mengun á Flateyri**

Verkefnastjóri á umhverfis- og framkvæmdasviði Ísafjarðarbæjar tilkynnti undirrituðum með tölvupósti þann 22 þm að við jarðvegsframkvæmdir hefði komið upp olíumengaður jarðvegur.

Undirritaður fór á staðinn í gær ásamt fulltrúum sveitarfélagsins, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða og eftirlitsmann framkvæmda og sá skýr merki olíumengunar í einni holu af þremur sem grafnar höfðu verið, þeirri sem næst var fyrrum olíubirgðastöð félagsins á staðnum.

Löndunarlagnir þess geymis liggja enn í jörðu, samkvæmt hefð og samþykki sveitarfélagsins, en staðsetning mengunarinnar passar illa við legu lagnanna, sem eru talsvert fyrir norðan holuna sem mengun fannst í.

Við frekari eftirgreinnslan á kortavef bæjarins má sjá að árið 1958 var geymir sunnan við þann geymi sem var fjarlægður árið 2002, en sá geymir var byggður árið 1966 skv gögnum félagsins.

Passar staðsetning mengunarinnar ágætlega við þennan eldri geymi og verður að ganga út frá því að hún stafi frá honum eða lögnum sem voru honum tengdar.

Löndunarlagnir lágu til norðurs út á bryggju og má því vona að mengunin á framkvæmdasvæði frá veitulagnarinnar sé staðbundin, þótt ekki megi alveg slá því föstu, enda var meðhöndlun olíu á þeim tíma sem sá geymir hefur verið í rekstri með öðrum hætti.

Umrætt svæði er iðnaðarsvæði og verður það áfram samkvæmt aðalskipulagi. Miða viðbrögð við það.

Jarðvegur þarna er gróf sjávarmölk, sem afar erfitt er að meðhöndla með lífrænu niðurbroti, enda má ætla að mengunin hefði þegar verið full niðurbrotin ella.

Þar sem núverandi og fyrrverandi starfsmenn Olíudreifingar og fyrri rekstraraðila stöðvarinnar muna ekki eftir þessum geymi, óskar félagið eftir því við sveitarfélagið að það leiti gagna um umræddan geymi og eignarhald hans.

Sú ósk mun ekki tefja þær aðgerðir sem undirritaður leggur til að farið verði í, sem eru:

- Komið verði fyrir opnum hálfgáum á svæðinu, 4 stk til að byrja með, þannig að það sé vatnshalli að opnun þeirra. Búið er að ganga frá aðgengi að þeim hjá Kubbi ehf.
- Mengaðri möl verði mokað í gámana og þeir fylltir af vatni þannig að mölin fari alveg á kaf.
- Hrært verði í mölinni með gröfu, til að flýta fyrir því að olía fljóti upp.
- Vatn frá bænum væri notað til að fleyta ofan af gámunum, til að hafa stjórn á vatnsflæði.

- Undir opnun gámannar verði komið fyrir plastþéttum skurði sem tekur við olíumengaða vatninu og leiðir það í dælubrunn.
- Vatni yrði dælt með brunndælu í olíuskilju sem skilur olíubrák frá vatninu.
- Hreinu vatni yrði veitt í fráveitu bæjarins.
- Olíubrák yrði komið í úrgangsolíu
- Þvegin mölin yrði notuð sem fylling við framkvæmdirnar, enda uppfylli hún þá þær kröfur sem gerðar eru á iðnaðarsvæðum í leiðbeiningum Hollustuverndar Ríkisins (nú Umhverfisstofnunar).


Það eru nokkur framkvæmdaratriði sem óskað er eftir samstarfi við framkvæmdaraðila og sveitarfélagið um.

- Aðgengi að rafmagni fyrir brunndælu
- Aðgengi að vatni
- Svæði til að staðsetja gámana
- Aðstoð jarðvegsverktaka við formun fráveituskurðar og niðursetningu dælubrunns
- Aðstoð jarðvegsverktaka við að grafa mengunina upp, moka vatni eða sjó í gámana í upphafi og hræra í þeim
- Annað sem til mun falla

Hægt væri að fara í þetta í næstu viku, ef allt gengur upp.

Óskað er samþykkis Ísafjarðarbæjar á þessum framgangsmáta

Virðingarfyllst,  
f.h. Olíudreifingar ehf



Gestur Guðjónsson  
Umhverfisverkfræðingur M.Sc.  
Umhverfis- og öryggisfulltrúi